

**30. október kl. 8:30-12:00**

## Opinber innkaup

### **Opinber innkaup – hagnýt atriði**

Á námskeiðinu verður veitt yfirlit yfir meginatriði opinberra innkaupa. Námskeiðið er miðað að þörfum og hagsmunum seljenda (fyrirtækja á markaði). Tilgangurinn er að veita innsýn í helstu atriði sem seljendur þurfa að hafa í huga þegar þeir taka þátt í útboðum á vegum opinberra aðila.

Lagareglur opinberra innkaupa eru flóknar en ætlunin er að nálgast þær með aðgengilegum og praktískum hætti þannig að þátttakendur í opinberum innkaupum átti sig á þeim meginatriðum sem skipta máli til að ná árangri í útboðum. Þá verður einnig fjallað um helstu atriði sem skipta máli til þess að þátttakendur geti gætt hagsmuna sinna, séu þeir ósáttir við framgang eða niðurstöðu innkaupa.

### **Markmið:**

- Öðlast grundvallarþekkingu á meginreglum sem gilda í opinberum innkaupum
- Að ná árangri í opinberum innkaupum
- Kynna hagsmunagæslu á meðan á útboðsferli stendur og/eða eftir lok útboðs

### **Leiðbeinandi: Daníel Isebarn Ágústsson**



Daníel vinnur sem hæstaréttarlögmaður hjá Málflutningsstofu Reykjavíkur. Daníel hefur unnið við úboðsrétt í fjölda ára og auk þess kennt útboðsrétt við Lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2008.

**Verð:** kr. 9.900,- (kr. 4.950,- greitt úr Starfsmenntasjóðnum\*)

**Skráning:** [bjarnadis@atvinnurekendur.is](mailto:bjarnadis@atvinnurekendur.is)

**Tími:** Fimmtudagurinn 30. október kl. 8:30 – 11:30 (boðið er upp á léttan morgunverð áður enn að námskeiðið hefist)

**Staður:** Hús verslunarinnar, 9. hæð

***\*Þeir starfsmenn fyrirtækja sem eru í VR fá sjálfkrafa styrk úr Starfsmenntasjóði verslunarinnar þegar þeir sækja námskeið hjá Félagi atvinnurekenda ef stigaeign fyrirtækja er fyrir hendi.***